



Steinunn Ýr Hilmarsdóttir

Myndi hækka grunnlaunin ef hún ætti eina ósk



Á hvaða ári ertu í náminu?

Ég er á fjórða ári í HÍ.

Ertu búin að ákveða hvar þú vilt starfa eftir útskrift? Hugur minn er algjörlega tileinkaður ljósmóðurfraeði.

Hafðir þú lengi stefnt að því að læra hjúkrunarfræði eða varstu að íhuga eitthvað annað nám? Ég byrjaði á að læra snyrtifræði samhliða stúdentsprófinu og kláraði sveinprófið í október 2019, sama ár og ég byrjaði að læra hjúkrunarfræði. Hafði alla tíð dreymt um að verða ljósmóðir og skellti mér því í hjúkrun eftir að hafa tekið smá pásu frá námi og lífað lífinu.

Gætir þú hugsað þér að starfa við fagið erlendis í framtíðinni? Já, ég gæti vel hugsað mér að prófa að vinna erlendis og kynnast starfi hjúkrunarfræðinga í öðrum löndum.

Skemmtilegasta fagið? Allt sem tengist konum og börnum því þar liggur mitt áhugasvið.

Erfiðasta fagið? Mér fannst lífeðlisfræði og lyfjafræði alltaf frekar strembnar greinar.

Eitthvað sem hefur komið á óvart í náminu? Já, hversu erfitt þetta er í raun og veru en þó svo ótrúlega skemmtilegt og gefandi á sama tíma.

Eitthvert fag sem þér finnst vanta í námið? Það er að mínu mati aldrei hægt að taka of mikið um andlega heilsu/veikindi og mikilvægi þess að viðhalda andlegri heilsu og þekkja inn á andleg veikindi.

Ætlar þú að fara í framhaldsnám?

Já, ljósmóðurfraeði.

Hressasti kennarinn? Þorsteinn hefur nú held ég vinningin hér.

Eftirminnilegasta kennslustundin til þessa? Ætli það sé ekki verklegi tíminn þegar við vorum að læra setja æðaleggi.

Flottasta fyrirmyndin í faginu?

Ellen Björnsdóttir, aðalhjúkkan á bráðamóttökunni, er algjör fyrirmynd fyrir alla hjúkrunarfræðinga.

En í lífinu? Mamma besta er algjör fyrirmynd fyrir mig.



Aldur
28 ára

Stjörnumerki
Ljón út í gegn

Eiginleikar sem þú vilt tileinka þér í starfi? Hafa traust og trú á sjálfum sér og gera alltaf sitt besta.

Uppáhaldslæknadrama? Grey's Anatomy, ég hef horft á þá þætti óþarflega oft.

Besta ráðið við prófkviða? Eiga bestu samnemendurna sem koma manni í gegnum próflesturinn. Hef verið einstaklega heppin að kynnast svona góðum hóp en við lærum alltaf saman og kvöldið fyrir próf spjöllum við saman um allt námsefnið. Það hefur algjörlega bjargað mér hingað til.

Kaffi, te, kók, orkuþrykkir eða allt saman? Sóðavatn úr vélinni í skólanum og á LSH, en ég drekk Nocco í prófatíð.

Besta næðið til að læra? Verandi með ADHD þá þarf ég ekki mikið næði en mér þykir alltaf best að vera í góðra vina hópi.

Hvernig nærir þú andann? Félagslífið kemur manni í gegnum námið og lífið.

Líkamsrækt eða letlif á frídögum? ADHD-manneskjan ég á mjög sjaldan frídaga, hvað þá letlif á frídögum.

Þrjú stærstu afrek í lífinu? Klárlega að komast í gegnum klásusinn á fyrstu önn og

að fara að útskrifast núna. Hafði sett mér markmið að fjárfesta í íbúð fyrir 25 ára aldur og það tókst en kostaði svo sannarlega blóð, svita og tár.

Hefur þú áhyggjur af hlýnun jarðar?

Nei, ég get ekki sagt það, treysti á að sérfræðingar í þeim málum séu að vinna í því.

Hvað gerir þú til að sporna við gróðurhúsáhrifum? Mætti klárlega taka mig á í þeim málum.

Hvað gleður þig mest í lífinu? Elska góðar samverustundir með vinum eða fjölskyldu. Gott djamm með vinahópnum klikkar líka seint.

Hvað hryggir þig helst? Óréttlæti.

Hvernig fáum við fleiri karlmenn til að læra hjúkrun? Held að það séu margir strákar sem átta sig ekki á því hvað hjúkrunarfræði getur verið gríðarlega fjölbreytt starf og hvað hjúkrunarfræðingar hafa mikið að segja. Ég held að ef fleiri strákar vissu meira um starf hjúkrunarfræðinga þá myndu þeir skella sér í námið.

Ef þú ættir eina ósk? Það fyrsta sem kom upp í hugann var að hækka grunnlaun hjúkrunarfræðinga.

Fallegasta borg í heimi? Ítalía á sérstakan stað í hjarta mínu eftir að ég bjó þar. Verona og Róm þá sérstaklega.

Falín perla í náttúru Íslands? Er skrítið að segja Herjólfssdalur um Verzlunarmannahelgi?

Hvernig myndir þú lýsa þér í einni setningu? Snarofvirk en samviskusöm.

Hvernig nemandi ertu? Er með frestunaráttu í bland við ADHD en með einhverri óútskýranlegri þrautseigju er ég hér að klára námið.

Að lokum hvað finnst þér að stjórnvöld gætu gert til að hvetja fleiri til að læra hjúkrun? Ég tel að hægt sé að fá fleiri í hjúkrun með því að endurskipuleggja uppbyggingu námsins og hafa meiri sveigjanleiki til að koma til móts við nemendur.

Alveg að lokum hvað, ef eitthvað, finnst þér vanta í Tímarit hjúkrunarfræðinga? Blaðið er bara í toppstandi eins og það er.